

22. Júní 2017

Fréttatilkynning

Áskorun til umhverfisráðherra um friðun teistu (*Cepphus grylle*)

Föstudaginn 16. júní áttu fulltrúar Fuglaverndar, [Vistfræðifélags Íslands](#) og [Skotvís](#) fund með Björt Ólafsdóttur Umhverfis- og auðlindaráðherra.

Á fundinum var henni afhent sameiginleg [Áskorun til Umhverfis- og auðlindaráðherra um friðun teistu \(*Cepphus grylle*\).pdf](#). Fundarmenn fengu jákvæð viðbrögð frá ráðherra á fundinum.

Skv. [lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar villtra fugla og spendýra](#) hefur ráðherra yfirumsjón með aðgerðum er varða friðun á villtum dýrum. Nú má skv. [reglugerð 344/2012](#) veiða teistuna frá 1. september til 25. apríl ár hvert. Sama reglugerð heimilar einnig veiðar á öðrum tegundum svartfugla: Álku, stuttnefju, langvíu og lunda.

Teista (*Cepphus grylle*)

[Teista](#) er svartfugl. Teistustofninn er lítill og hefur verið áætlaður 10.000-15.000 varppör, sem samsvarar 51.000-77.000 einstaklingum. Teistum hefur fækkað verulega víða um land og er talið líklegt að þessi stofnstærðartala sé í raun mun lægri. T.d. hefur teistu fækkað um 80% í Strandasýslu frá 1959 en einnig í Flateyjum á Breiðafirði og á Skjálfanda.

Teista verpir tveimur eggjum, liggur á í 29-30 daga og ungatími eru 40 dagar. Teistan heldur sig við strendur og á grunnsævi og leitar sjaldan út á rúmsjó. Verpur stök eða í litlum byggðum í eyjum, höfðum og urðum undir fuglabjörgum. Hreiður eru í klettaskorum, sprungum, undir steinum eða á syllum í hellum.

Fuglavernd hóf [rannsókn á meðafla í grásleppunetum 2015](#) og sýna frumniðurstöður að teistur ánetjast mest fuglategunda eða allt að 6.700 fuglar árlega. Snemma vors 2016 var gerð úttekt á sjálfbærni bæði skotveiða á teistu og meðafla í grásleppunetum (sem og annarra veiðitegunda fugla) og var miðað við lægri tölu meðafla. Niðurstaðan er að núverandi veiðar eru að meðaltali 7,4 sinnum hærri en sjálfbærnimörk stofnsins leyfa [samkvæmt PBR aðferðinni](#).

Hafrannsóknastofnun mat að árlegur meðafli teista í grásleppunet (um 2.000 fuglar) væri ósjálfbær veiði samkvæmt PBR aðferðinni.

Teista hentar illa sem veiðitegund vegna hægrar viðkomu, en fyrst og fremst vegna lítillar stofnstærðar hérlendis. Þessi tegund hefur í raun verið aukaafli svartfuglaveiðimanna og hefur ekki verið sérstaklega sóst eftir henni.

Um Fuglavernd

Fuglavernd eru frjáls félagasamtök um verndun fugla og búsvæði þeirra. Fuglavernd telur um 1300 félagsmenn. Fuglavernd er aðili að samtökunum BirdLife International sem vinna að verndun fugla og náttúrusvæða í 120 löndum.

Meðfylgjandi:

- 1) Fundarmenn: Frá vinstri: Sigurður Þránínsson sérfræðingur hjá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Hólmfríður Arnardóttir framkvæmdastjóri Fuglaverndar, Jóhann Óli Hilmarsson formaður Fuglaverndar, Björt Ólafsdóttir Umhverfis- og auðlindaráðherra, Indriði R. Grétarsson formaður Skotvís og Ingibjörg Svala Jónsdóttir formaður Vistfræðifélags Íslands.
- 2) Teista: Ljósmyndari Sindri Skúlason

Nánari upplýsingar veitir:

Jóhann Óli Hilmarsson | Fuglafræðingur | 567 3540 | 892 0299 | johannoli@johannoli.com